

Kolviður, sjóður
Ársreikningur 2018

Kolviður, sjóður
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 560606-1170

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar


Kolviður er sjóður sem var stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd árið 2006. Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus. Sjóðurinn hvetur til að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda af fremsta megni og kolefnibindingar í jarðvegi og gróðri fyrir þá losun sem óhjákvæmileg er.

Á árinu 2018 var hagnaður af rekstri sjóðsins samkvæmt rekstrarreikningi að fjárhæð 4.887 þús. kr. Eigið fé nam 31.013 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í árslok.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum á árinu 2018. Ekki voru greidd laun til stjórnar sjóðsins.

Stjórn Kolviðar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. ágúst 2019


Ragnhildur Ástfríðsson
Rósbjörg Jónsdóttir
Þórunn Jónsdóttir
Einar Gunnarsson
Andri Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kolviðar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kolviðar ("sjóðurinn") fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2018 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 15. ágúst 2019

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Kolefnisjöfnun		21.007.319	13.783.942
Aðrar tekjur		1.500.000	0
		<u>22.507.319</u>	<u>13.783.942</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður og breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar	2	13.114.693	6.852.884
Annar rekstrarkostnaður	3	5.267.187	2.679.262
		<u>18.381.880</u>	<u>9.532.146</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		<u>4.125.439</u>	<u>4.251.796</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		258.739	319.474
Gengismunur		12.422	9.942
Gengisbreyting markaðsverðbréfa		490.112	268.831
		<u>761.273</u>	<u>598.247</u>
Hagnaður ársins		<u>4.886.712</u>	<u>4.850.043</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Hugbúnaður		109.442	109.442
Fastafjármunir samtals	1,4	<u>109.442</u>	<u>109.442</u>
Birgðir		2.205.304	3.591.479
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	5	3.753.870	8.849.806
Markaðsverðbréf	7	12.832.611	11.967.023
Handbært fé		17.563.463	8.174.306
Veltufjármunir samtals		<u>36.355.248</u>	<u>32.582.614</u>
Eignir samtals		<u><u>36.464.690</u></u>	<u><u>32.692.056</u></u>
Eigið fé			
Stofnframlag		647.000	647.000
Tryggingasjóður		4.024.500	2.974.134
Óráðstafað eigið fé		26.341.652	22.505.307
Eigið fé samtals	8	<u>31.013.152</u>	<u>26.126.440</u>
Langtímaskuldbindingar			
Skuldbinding vegna gróðursetningar	9	<u>4.193.480</u>	<u>3.605.376</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldbinding vegna gróðursetningar	9	928.000	1.443.200
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	1.500.000
Viðskiptaskuldir		330.058	17.040
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.258.058</u>	<u>2.960.240</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>36.464.690</u></u>	<u><u>32.692.056</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		4.886.712	4.850.043
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hækkun skuldbindingar vegna gróðursetningar		72.904	2.386.444
Matsbreyting markaðsverðbréfa		(490.112)	(268.831)
Veltufé frá rekstri		<u>4.469.504</u>	<u>6.967.656</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Birgðir hækkun		1.386.175	(3.591.479)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		5.095.936	(6.327.619)
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(1.186.982)	(2.653.855)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>5.295.129</u>	<u>(12.572.953)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>9.764.633</u>	<u>(5.605.297)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keypt og seld verðbréf		(375.476)	(233.439)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(375.476)</u>	<u>(233.439)</u>
Breyting á handbæru fé		9.389.157	(5.838.736)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>8.174.306</u>	<u>14.013.042</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>17.563.463</u></u>	<u><u>8.174.306</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður 3 ár

c. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

2. Kostnaður / breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar

	2018	2017
Útlagður kostnaður á árinu	11.655.614	8.057.919
Hækkun skuldbindingar	72.904	2.386.444
Birgðabreyting	1.386.175	(3.591.479)
	<u>13.114.693</u>	<u>6.852.884</u>

3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2018	2017
Skrifstofukostnaður	1.629.721	1.341.952
Rekstur tölvukerfis	0	126.076
Rekstur vefsíðu	358.762	238.719
Endurskoðun og reikningsskil	1.048.611	803.750
Markaðs- og fundarkostnaður	83.848	80.888
Þjónustugjöld vegna verðbréfavíðskipta	76.055	87.105
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna, breyting	(818.419)	0
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	2.046.789	0
Annar kostnaður	841.820	772
Samtals	<u>5.267.187</u>	<u>2.679.262</u>

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Tölvubúnaður
Heildarverð 1.1.2018	1.094.419
Heildarverð 31.12.2018	<u>1.094.419</u>
Afskrifað áður	984.977
Afskrifað samtals 31.12.2018	<u>984.977</u>
Bókfært verð 31.12.2018	<u>109.442</u>
Afskriftahlutföll	33%

Skýringar

5. Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi greinast þannig:	2018
Fræbirgðir	610.975
Ógróðursettar trjáplöntur	915.708
Gróðursett umfram selda kolefnisjöfnun	678.621
	<u>2.205.304</u>

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 142 þús. kr. í árslok 2018 samanborið við 961 þús. kr. í árslok 2017.

7. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf í vörslu Landsbréfa eru bókfærð eru á markaðsverði og greinast þannig:

	2018	2017
Innlend hlutabréf og skuldabréf	12.039.556	10.061.036
Innlendir peningamarkaðsreikningar	379.845	118.354
Erlend hlutabréf	413.210	594.163
Innstæður og innlánsreikningar	0	1.193.470
	<u>12.832.611</u>	<u>11.967.023</u>

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Trygginga- sjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2018	647.000	2.974.134	22.505.306	26.126.440
Hagnaður ársins.....			4.886.712	4.886.712
Framlag í tryggingasjóð		1.050.366	(1.050.366)	0
Staða 31.12.2018	<u>647.000</u>	<u>4.024.500</u>	<u>26.341.652</u>	<u>31.013.152</u>

9. Skuldbinding vegna gróðursetningar

	2018	2017
Skuldbinding í ársbyrjun	5.048.576	2.662.132
Lækkun vegna áburðargjafar á gróðursett svæði	(515.200)	541.440
Hækkun vegna íbóta á gróðursett svæði	588.104	2.218.920
Lækkun vegna gróðursetningar	0	(373.916)
Skuldbinding í árslok	<u>5.121.480</u>	<u>5.048.576</u>

Gerðir hafa verið samningar við Skógræktarfélag Íslands um ræktun Kolviðarskógar á 185 ha landspildu í eigu Skógræktarfélagsins að Úlfjótuvatni. Samningurinn er til 99 ára og verður skógurinn eign Skógræktarfélagsins að samningstíma liðnum. Kveðið er á um framkvæmdir á svæðinu við vega- og slóðalagningu ásamt endurbótum á girðingum og er Kolviður skuldbundinn til þátttöku í þessum kostnaði. Fjárhæð skuldbindingarinnar hefur verið áætluð 7,6 millj. kr.

10. Seld kolefnisjöfnun og gróðursetning

	2018	2017
Seld kolefnisjöfnun í tonnum CO2	10.504	6.892
Seldur fjöldi plantna	105.037	64.743
Óseld gróðursetning í árslok - fjöldi plantna	7.384	39.076